

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi**

Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti

| | | | |
|--------------------------|--------------------------|----------------------|-----------------------------------|
| Nafn rekstraraðila: | Dags. eftirlits: | Staðsetning stöðvar: | Brottfallinn starfsleyfisflokkur: |
| FISK-seafood ehf. | 10.11.2020 | Þorlákshöfn | 3 |
| Kennitala rekstraraðila: | Gildistími starfsleyfis: | Kvittun afhent: | Gerð stöðvar: |
| 461289-1269 | 31.12.2029 | Já – 10.11.2020 | Landeldisstöð með bleikju |

| Starfssemi | Já / Í lagi | Nei / Ekki í lagi | Á ekki við | Athugasemdir: |
|---|----------------|-------------------------|------------|---|
| Er umfang í samræmi við starfsleyfi? | x | | | Heimild í starfsleyfi er til eldis á 1200 tonnum af bleikju árlega. Árið 2019 var framleiðslumagn alls 573,4 tonn, einnig var tekið á móti matfiski frá Hólum í Hjaltadal til slátrunar samtals 144,2 tonn Fóðurnotkun 558,4 tonn. |
| Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar? | x | | | Lokið er breytingum á frárennsli með því að beina því í einn farveg og þrifa skán og útfellingar sem þörf var á. Stækkun stöðvarinnar er ekki hafin. |
| Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi). | x | | | Skráningar góðar, daglega skráður dauði. Mánaðarlega stemmt af fyrir fjölda í keru. |
| Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí? | x | | | Ársyfirliti var skilað 20. apríl sl. |
| Grænu bókhaldi og ústreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí? | x | | | Grænt bókhald og ústreymisbókhald vegna ársins 2019 bárust 20. apríl sl. |
| Er áhættumat og uppfærð viðbragðsáætlun aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, áætlun um frágang vegna tíma-bundinnar og varanlegrar rekstrarstöðvunar) | x | | | Áhættumat og viðbragðsáætlun á staðnum. Eins uppfærð neyðaráætlun og áætlun um frágang vegna stöðvunar á rekstri. |
| Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður? | | | x | |
| Er trygging vegna bráðamengunar í gildi? | x | | | |

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

| | | | | |
|-----------------------------|---|--|--|--|
| Er neyðaráætlun til staðar? | x | | | |
|-----------------------------|---|--|--|--|

| Umhverfi | Já / Í lagi | Nei / Ekki í lagi | Á ekki við | Athugasemdir: |
|---|----------------|-------------------------|------------|--|
| Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi? | x | | | Til staðar er almenn umhverfisstefna FISK-Seafood. |
| Stýring á fódurgjöf þannig að úrgangsmyndun sé í lágmarki? | x | | | Vaki, blásið skv. fóðurlikönnum. |
| Er skráning á losun fósfors og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt? Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar? | x | | | Í ársyfirliti eru tölur fyrir losun köfnunarefnis og fósfors út í umhverfið. Bæði fyrir losun í föstu og uppleystu formi. Gildin eru útreiknuð út frá fóðurnotkun. Var mælt í febrúar 2020. Fósfor í frárennsli var 0,2 mg/L og Köfnunarefni 0,5 mg/L Útreikningar frá fóðri gefa losun 7,5 kg P/tonn, hámark leyfis er 14 kg/tonn. |
| Ástand frárennslis. Eru set eða útfellingar? Olía eða froða? Sorp eða aðrir aðskotahlutir? Hitauppgufun frá frárennsli? Er óeðlileg lykt? Er fiskur í frárennsli? | x | | | Frárennsli leit vel út. Rennur í læk fram af sjávarklettum og blandast þar Atlantshafinu. Snyrtileg umgengni eftir að framkvæmdum þar lauk. |
| Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í frárennsli, síun, settjörn, tromlur, oph. Leið frárennslis frá keri að viðtaka. | x | | | Ristar í færeyinga, eru teknar upp og burstaðar í fitugildruna. Frárennsli sameinast úr fitugildru og öllum kerjum og fer út í sjó. |
| Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór). | x | | | Útrás í sjó er u.þ.b. 50 -100 m frá kerjum. Mikil vatnsskipti og brim, ekki hægt að leggja lögn út fyrir stórstraumsfjöruborð. |

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

| | | | | |
|---|---|--|---|--|
| Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka. | | | x | |
| Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks? | x | | | <p>Skinnfiskur í Sandgerði og Fiskiafurðir-Umboðssala ehf. í Þorlákshöfn taka við slógi og dauðfiski.</p> <p>Flokkun á almennum úrgangi, Íslenska gámafélagið tekur ásamt tilfallandi grófum úrgangi og slíku, samningur og kvittanir liggja fyrir.</p> <p>Olís tekur við aftur umbúðum af sápu fyrir vinnslu.</p> |
| Er umhverfisvöktun í samræmi við starfsleyfi? | x | | | |
| Skil á niðurstöðum mælinga umhverfisvöktunar. | x | | | <p>Sýni síðast tekin árið 2019, næsta sýnataka í frárennsli er 2021.</p> <p>COD mældist 127 mg/L</p> <p>Svifagnir mældust 26 mg/L</p> |
| Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á. | | | x | Á ekki við |
| Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi? Hver sér um mælingarnar? | x | | | <p>Samkvæmt starfsleyfi skal mæla næst 2021.</p> <p>Sýni ehf.</p> |

Niðurstöður síðasta eftirlits:

Tvö frávík komu fram í síðasta (2019) eftirliti. Báðum hefur verið lokað. Ábendingar komu fram um lagfæringar á frárennsli á klettum við ströndina. Eins að bæta hreinsun í færeyingum.

Samantekt:

Fulltrúi rekstraraðila í eftirlitinu var Arnar Þór Ragnarsson og Gottskálf Friðgeirsson var eftirlitsmaður Umhverfisstofnunar.

Dagskrá:

- Kynning á rekstrinum í Þorlákshöfn
- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti – úrbætur frávíka og ábendinga
- Kröfur í starfsleyfi – áætlanir, - mælingar, - skil á umhverfisupplýsingum, - tilkynningar, - umhverfismarkmið, - tryggingar
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.
- Skráning olíugeyma skv. reglugerð nr. 884/2017.

Fulltrúi rekstraraðila fór yfir reksturinn, og helstu stærðir í ársyfirliti síðasta árs. Báðum frávíkum síðasta árs hefur verið lokað og ábendingum sem snéru að útrás hefur verið sinnt. Við skoðun í eftirliti nú í haust sáust ekki útfellingar né skán við útfallið.

Skoðaðar voru áætlanir um frágang vegna rekstrarstöðvunar, viðbragðsáætlun, vöktunaráætlun og neyðaráætlun. Hluti þeirra hefur nýlega verið uppfærður.

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi**

| | |
|---------------|---|
| | <p>Skoðuð voru umhverfismarkmið og ýmsar verklagsreglur. Rekstraraðili hefur ábyrgðartryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda.</p> <p>Grænt bókhald, útstreymisbókhald og ársyfirlit bárust öll 20. apríl 2020. Samkvæmt áhættumati til grundvallar tíðni eftirlits skal FISK-Seafood í Þorlákshöfn fá árlegt eftirlit Umhverfisstofnunar en áhættumatið verður endurskoðað í haust.</p> <p>Upplýsingum um olíugeymi við varaafsstöð hefur verið skilað.</p> <p>Rekstraraðili hyggst fara í gegnum ferli ASC vottunar (Aquaculture Stewardship Council). Úttekt var fyrirhuguð dagana 22. – 25. júní sl. en vegna COVID-19 hefur það frestast.</p> <p>Meðferð úrgangs er í föstum skorðum og dauðfiskur og sláturútgangur fara í endurnýtingu. Íslenska gámafélagið tekur við úrgangi og skilar kvittunum. Olís tekur við tómunum umbúðum undan sápu.</p> <p>Efnanotkun er lítil og notað er heitt vatn til þrifa.</p> |
| Annað: | <p>Stöðin leit vel út og landrými er nóg. Fyrirhugað er að stækka stöðina um 14 ker.</p> <p>Vatn er endurnýtt.</p> <p>Samkvæmt rekstraraðila var fôðurstuðull 1,51 á síðasta ári.</p> |



Undirskrift eftirlitsmanns: _____

| | | | |
|----------------------------|----------------------|--------------------------------|------------------------|
| Dags eftirlits | 10.11.2020 | Ábyrgðarmaður eftirlits | Gottskálk Friðgeirsson |
| Fyrirtæki | FISK-Seafood ehf. | Eftirlitsmaður | Gottskálk Friðgeirsson |
| Heimili | Laxabraut 5 | Tegund eftirlits | Framselt eftirlit |
| Kennitala | 461289-1269 | Flokkur | Fiskeldi |
| Fulltrúi fyrirtækis | Arnar Þór Ragnarsson | ÍSAT nr. | 03.22.00 |
| Fulltrúi fyrirtækis | | Staðsetning | |

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá kröfum í starfsleyfi fundust í eftirliti. Engar ábendingar voru gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Fulltrúi rekstraraðila í eftirlitinu var Arnar Þór Ragnarsson og Gottskálk Friðgeirsson var eftirlitsmaður Umhverfisstofnunar.

Dagskrá:

1. Kynning á rekstrinum í Þorlákshöfn
2. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti – úrbætur frávik og ábendinga
3. Kröfur í starfsleyfi
4. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
5. Skráning olúgeyma skv. reglugerð nr. 884/2017

Fulltrúi rekstraraðila fór yfir reksturinn, og fór yfir magntölur í ársyfirliti síðasta árs. Báðum frávikum síðasta árs hefur verið lokað og ábendingum sem snéru að útrás hefur verið sinnt. Við skoðun í eftirliti nú í haust sáust ekki útfellingar né skán við útfallið.

Skoðaðar voru áætlanir um frágang vegna rekstrarstöðvunar, viðbragðsáætlun, vöktunaráætlun og neyðaráætlun. Hluti þeirra hefur nýlega verið uppfærður. Skoðuð voru umhverfismarkmið og ýmsar verklagsreglur. Rekstraraðili hefur ábyrgðartryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda.

Grænt bókhald, útstreymisbókhald og ársyfirlit bárust öll 20. apríl 2020.

Samkvæmt áhættumati til grundvallar tíðni eftirlits skal FISK-Seafood í Þorlákshöfn fá árlegt eftirlit Umhverfisstofnunar en áhættumatið verður endurskoðað í haust.

Upplýsingum um olúgeymi við varaafsstöð hefur verið skilað.

Rekstraraðili hyggst fara í gegnum ferli ASC vottunar (Aquaculture Stewardship Council). Úttekt var fyrirhuguð dagana 22. – 25. júní sl. en vegna COVID-19 hefur það frestast.

Meðferð úrgangs er í föstum skorðum og dauðfiskur og sláturútgangur fara í endurnýtingu. Íslenska gámafélagið tekur við úrgangi og skilar kvittunum. Olís tekur við tónum umbúðum undan sápu.

Efnanotkun er lítil og notað er heitt vatn til þrifa.


ÁBENDINGAR

Engar ábendingar voru gerðar.

18.12.2020

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.


Gottskálk Friðgeirsson